



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um ráðningar vegna styttingar vinnuvikunnar.

Á fundi borgarráðs þann 14. janúar 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn um uppfært yfirlit um ráðningar vegna styttingar vinnuvikunnar:

Stytting vinnuvikunnar er mikilvæg og þarf að útfæra vel. Hvað gerir borgin ráð fyrir því að þurfa að ráða margar manneskjur inn á starfstöðvar borgarinnar, líkt og inn á leikskóla svo að þjónustuskerðing verði ekki vegna styttingarinnar? Hvað þarf að ráða í mörg stöðugildi til þess að manna styttingu vinnuvikunnar, svo að álag myndist ekki á starfsfólk borgarinnar?

Svar:

Í flestum kjarasamningum sem voru undirritaðir veturinn 2019-2020 er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að umbótum í starfsemi starfsstaða, bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum og samræmingu vinnu og einkalífs. Bætt vinnustaðamenning og betri nýting vinnutíma er meðal helstu markmiða styttingar vinnutíma. Forsenda styttingar hjá dagvinnufólki er að breyting á skipulagi vinnutíma skuli ekki leiða til breytinga á launum starfsfólks eða launakostnaði starfsstaða. Ekki er því gert ráð fyrir því að stytting vinnuvikunnar í dagvinnu feli í sér aukinn mannafla eða ráðningar.

Leitað var til mannauðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna þess hluta fyrirspurnar sem snýr að ráðningum inn á leikskóla. Líkt og í annarri starfsemi borgarinnar í dagvinnu er ekki gert ráð fyrir ráðningum í leikskóla vegna styttingar vinnuvikunnar en mikilvægt er að ná að fullmanna starfsemina skv. áætlun og samkvæmt tölum frá 7. janúar sl. um stöðu í mönnunarmálum á leikskólum á eftir að ráða í 17,2 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 22,5 stöðugildi 8. október 2020. Að auki á eftir að ráða í samtals 3,9 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs